



---

## Ferðapjónustan áfram í forystuhlutverki

---


**Gústaf Steingrímsson**  
Hagfræðingur í Hagfræðideild Landsbankans

---

## Eftir langt tilhlaup komst ferðapjónustan á flug

- Árið 2013 varð ferðapjónustan stærsta útflutningsgreinin í fyrsta skiptið
- Árið í fyrra var það fyrsta þar sem útflutningsverðmæti varð meira en samanlagt verðmæti stóriðju og sjávarútvegs
- Skipta má áhrifatímabilum ferðapjónustunnar upp í þrennt
  - Frá 1970-1985 – ferðapjónustan lítil og skiptir efnahagslega litlu máli
  - 1990-2008 – ferðapjónustan orðin stærri tvöfalt stærri en enn sem komið er „bara“ þriðja stoðin í gjaldeyrisöflun
  - 2009 til dagsins í dag – ferðapjónustan stökkbreytist og verður ráðandi þáttur í hagvexti, atvinnusköpun og gengisþróun


### Útflutningstekjur ferðapjónustu



Heimild: Hagstofa Íslands

## Hagkerfið dansar í sífelld meiri takti við ferðaþjónustu

- Frá því uppsveiflan í ferðaþjónustu hófst hefur landsframleiðslan vaxið um 462 ma.kr.
  - Við áætlum að nálægt helminginn af þeim vexti og þar með hagvexti á tímabilinu megi einungis skýra með uppgangi ferðaþjónustu hér á landi
- Næmni hagvaxtar fyrir vexti ferðaþjónustu hefur þó aukist töluvert á síðustu árum og er orðið umtalsvert meira í dag en fyrir uppsveifluna
- Að sama skapi hefur næmni hagvaxtar gagnvart hinum útflutningsstoðunum, sjávarútveg og stóriðju, dregist saman




Sýnir prósentustigaáhrif á hagvöxt næsta árs hverju sinni sem fall af vexti í þjónustuliðnum ferðalög sem mælir alla neyslu erlendra ferðamanna sem hingað koma án útgjalda þeirra til íslenskra flugfélaga. \*Miðast við að hagspá Hagfræðideildar frá því í maí fyrir þetta ár gangi eftir.

Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

## Ferðapjónustan getur ekki flúið efnahagslegt vægi sitt

- Vægi ferðapjónustunnar er orðið það mikið í utanríkisviðskiptum að krónan er farin að vinna á móti áframhaldandi vexti hennar
- Þetta er hluti af sjálfvirkri aðlögun krónunnar að miklum vexti greinarinnar
- Sögulega séð hefur samkeppnishæfni greinarinnar tekið mið af breytingum af bæði verðhækkunum í krónum og gengi krónunnar
- Samkeppnishæfni greinarinnar hefur verðlega séð farið verulega versnandi á síðustu árum
- Það má þó ekki nema að hluta rekja til krónunnar sjálfar
- Líklega má rekja verðhækkanir í krónum að hluta til mjög góðrar herbergjanýtingar á síðustu árum

### Verðhækkanir hótela og gistiheimila í erlendri mynt og krónum og gengishreyfingar



Fyrstu 8 mánuðir hvers árs og breyting frá sama tímabili árið áður


Heimild: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands



Ísland sker sig verulega  
frá öðrum þjóðum

## Íslensk ferðapjónusta er eyland

- Sterkt tengsl eru á milli lífskjara og landsframleiðslu á mann
- Af 217 löndum á lista Alþjóðabankans voru einungis 11 þjóðir fyrir ofan okkur með meiri landsframleiðslu á mann árið 2015
- Ísland sker sig verulega frá hópi þeirra 20 landa þar sem landsframleiðsla á mann er hæst yfir heiminn
- Þar sem sterk tengsl eru á milli lífskjara, umfangs útflutnings og landsframleiðslu á mann er því ljóst að góð lífskjör hér á landi eru að miklu meira leyti háð ferðapjónustu en í löndum með sambærilega góð lífskjör




Sýnir þau lönd sem eru með 20 bestu lífskjörin mæld sem landsframleiðsla á mann (x-ás) og samsvarandi hlutfall ferðapjónustu þeirra af útflutningi (y-ás). Miðast við árið 2015.

Heimild: Alþjóðabankinn, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

## Farþegaflutningar skera sig enn meira úr

- Útflutningstekjur farþegaflutninga námu 173 ma.kr. á síðasta ári
- Hlutfall farþegaflutninga með flugi 13% hér á landi árið 2015
- Eitt fátækt ríki þar sem þetta hlutfall er hærra
- Hlutfallið yfir heiminn er að meðaltali 1,2% og því 11-falt hærra hér á landi



Sýnir þau 20 lönd þar sem þetta hlutfall var hæst árið 2015. Hlutfall á y-ás og landsframleiðsla á mann á x-ás.


Heimild: Alþjóðabankinn, Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

## Mjög svo óvenjulegt samband krónu og fjölgunar ferðamanna

- Hefðbundin eftirspurnarkúrfa lýsir illa sambandi gengisbreytinga og fjölgun ferðamanna hér á landi og segja má að sambandið hafi verið með öfugum hætti
- Öllum í fersku minni þróun síðustu ára þar sem saman hafa farið sífelld styrking krónu og hlutfallsleg fjölgun ferðamanna
- Nokkur dæmi um hið gagnstæða þar sem ferðamönnum hefur fækkað í kjölfar gengisveikingar
  - Annars vegar tímabilin 2001 og 2002 og hins vegar 2009 og 2010

### Fjöldi ferðamanna og raungengi

breyting milli ára (%)




Heimild: Ferðamálastofa, Seðlabanki Íslands



## Hið séríslenska samband gjaldmiðils og ferðamanna

- Skoðuðum samband raungengisbreytinga og fjölgunar ferðamanna árið eftir hjá fjölda landa
  - Tímabilið 1995-2015
  - Allt lönd með meira en 10 þúsund Bandaríkjadali í landsframleiðslu á mann (árið 2015)
  - Í tilfelli gagnavöntunar var viðkomandi landi sleppt
  - Eftir stóðu 39 lönd
- Þar sem efnhagslegt vægi ferðapjónustu hjá einstökum löndum er mismunandi var horft á fjölgun ferðamanna með eins árs töl til að skekkja ekki niðurstöðuna
- Skýrist fylgnin á öllu tímabilinu hér á landi ekki bara af þróun síðustu ára þar sem aðrir þættir en krónan hafa togað fastar?
- Gefur sterklega til kynna að næmni erlendra ferðamanna gagnvart gengisbreytingum er minna hér á landi en víðast hvar annars staðar
  - Það ætti að vera ákveðinn léttir fyrir þá sem hafa séð fyrir sér mikla fækkun ferðamanna vegna sterkrar krónu

### Fylgni raungengisbreytinga og fjölgunar ferðamanna



Sýnir þær þjóðir sem voru ýmist með 6 jákvæðustu stuðlana og 6 neikvæðustu stuðlana.  
\*Marktækur stuðull m.v. 5% marktæknihröfu. Hæsta mögulega fylgni er +100% og lægsta mögulega fylgni er -100%. Fylgni á milli raungengisbreytingar og breytingar í fjölda ferðamanna árið eftir


Heimild: Alþjóðabankinn, Hagfræðideild Landsbankans



Horfur til næstu ára


## Engin sérstök ástæða til að ætla að samdráttur sé framundan

- Skýrar vísbendingar um að hægari vöxtur sé að taka við
- Gerum samt áfram ráð fyrir fjölgun ferðamanna á næstu árum
- Meginóvissupátturinn er flugframboðið þótt gengi krónunnar hljóti að spila töluverða rullu
- 82% af sætaframboðinu kemur frá Icelandair og Wow air og „við“ því ekki nema að litlu leyti upp á erlend flugfélög komin



## Ferðapjónustan mun ekki gefa eftir forystuhlutverkið

- Hún mun einfaldlega bæta í og auka enn áhrifamátt sinn á innlenda hagþróun
- Verulega öfgakennd og mjög svo ólíkleg þróun þarf að koma til svo að ferðapjónustan missi fyrsta sætið í gjaldeyrisöflun
- Spá okkar um farþegaflutninga markast af metnaðarfullum áætlunum Wow Air og væntingum okkar um vöxt Icelandair
- Hagvöxtur verður heilum 2 prósentustigum hærri á þessu ári einungis vegna vaxtar í farþegaflutningum
  - Áhrifin verða nálægt þau sömu á næsta ári
- Samkvæmt spánni verða farþegaflutningar orðnir stærri en sjávarútvegur á næsta ári



2017-2019 er spá Hagfræðideildar á föstu gengi og föstu verðlagi.  
Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans